

## RÆÐIÐ VIÐ FORELDRA/FORRÁÐAMENN

um verkefni. Foreldrar eiga að fá tækifæri til að taka þátt í náminu og styðja við það.

Ef eitthvað vantar, ef eitthvað er óljóst eða ef eitthvað kemur uppá hafið **SAMBAND** við kennarana og fáið hjálp. Hlutverk kennarans er m.a. að leiðbeina og styðja við námsferlið.

**GÓÐAR SVEFNVENJUR** og gott **MATARRÆÐI** skiptir miklu máli. Of lítill svefn sem dæmi getur valdið vanlíðan, þreytu og streitu sem hefur áhrif á einbeitingu, minni og rökhuðsun.

Nýtið viðeigandi spjallþræði til samskipta um námið en verið **JÁKVÆÐ, KURTEIS** og munið að **HRÓSA**. Gott er að sýna þakklæti og virðingu. Orð eins og takk, vinsamlegast og vel gert skipta mjög miklu máli.

Gætið að **KALDHÆÐNI** í texta skilst oft illa sem og varast skal óþarfa. Ef upp kemur ósætti er betra að útkljá það á öðrum stað en fyrir allra augum á spjallþræði ætluðum til náms.

Verið dugleg að **RÆÐA VIÐ AÐRA NEMENDUR**, t.d. í gegnum forrit sem bjóða upp á myndsímtöl. Nám er að stórum hluta félagslegt ferli og það að heyra í öðrum og ræða námið og verkefni er góð leið til að gera gott betra.

**VINNIÐ SAMAN** þegar það býðst og nýtið forrit sem bjóða upp á samvinnu.

**NOTIÐ BORD- OG FARTÖLVUR** í textavinnslu ef þið hafið aðstöðu til. Snjallsímar og spjaldtölvur eru tæki ætluð til margmiðlunar, ekki ritvinnslu. Þau eru hönnuð til að taka ljósmyndir, til að vafra á netinu, til að hlusta á tónlist o.s.frv. Borð- og fartölvur eru hins vegar m.a. ritvinnslutæki.

Gætið að hvar **VERKEFNUM ER SKILAÐ**. Mikilvægt er að þeim sé skilað á rétta staði í námsumhverfinu. Gott er að passa upp á að eiga afrit af viðkomandi verkefni á vísun stað.

Athugið **DAGLEGA** hvort búið sé að leggja fyrir ný verkefni. Haldið skrá um verkefni og skil og mótið skipulag og reglu varðandi fjarnámið.

# FJARNÁM

UPPLÝSINGATÆKNI MENNTASVIÐ KÓPAVOGS